


## Fylgi flokka ef kosið yrði til Alþingis og stuðningur við ríkisstjórnina



### Litlar breytingar á fylgi flokkanna

Hvergi er tölræðilega marktæk breyting á fylgi flokka ef fylgið í maí er borið saman við fylgið eins og það mældist seinni hluta aprílmánaðar. Fylgi flokka/framboða breytist um 0,3 - 1,6 prósentustig milli mælinga. Tæplega 29% segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn ef kosið yrði til Alþingis í dag, rösklega 27% Pírata, tæplega 17% Vinstri græn, rúmlega 10% Framsóknarflokkinn, nær 8% Samfylkinguna, ríflega 4% Viðreisn, 4% Bjarta framtíð og líðlega 1% aðra flokka/framboð.

Rúmlega 7% svarenda segjast myndu skila auðu eða ekki kjósa ef kosið yrði til Alþingis í dag og næstum 10% taka ekki afstöðu eða neita að gefa hana upp.

Stuðningur við ríkisstjórnina er nánast óbreyttur frá síðustu mælingu, en hann eykst um 0,3 prósentustig og segjast nú tæplega 38% styðja ríkisstjórnina.

#### Spurt var:

Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?

En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?

Hvort er líklegra að þú kysir Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern hinna flokkanna?

Styður þú ríkisstjórnina?